

Skólaráðsfundur 20.08.2025

Mættir: Bylgja skólastjóri, Kolbrún Ósk og Konný Hrund fulltrúar kennara, Guðlaug Stefanía fulltrúi almenns starfsfólks, Elsa Marta fulltrúi foreldrafélags, Embla Ósk og Guðný Björg fulltrúar nemenda, Margrét fulltrúi grenndarráðs.

1. mál – handbókin

Farið yfir handbók um skólaráð.

2. mál – fundadagar

Á þessu skólaári verða fundir á miðvikudögum kl. 09:00

- 20. ágúst
- 15. október
- 14. janúar
- 18. mars
- 20. maí

3. mál – skóladagatal

Er á heimasíðu skólans, engar breytingar frá því sem var samþykkt í vor.

4. mál – Skólapúlsinn

Skólastjóri fer yfir helstu áskoranir á komandi skólaári og upplýsti um hvaða niðurstöður kannana Skólapúlssins og Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar komu vel út og ánægjulegar fyrir skólann.

5. mál – starfsáætlun

Það er verið að vinna að starfsáætlunum sem á að skila á næstunni.

6. mál – endurmenntun

Skólastjóri kynnir endurmenntun starfsfólks og hvað verður í boði á skólaárinu. Allt starfsfólk skólans fóru á námskeið varðandi leiðsagnarnám.

7. mál – Unesco

Sandgerðisskóli er UNESCO skóli og vinnur með þrjú af heimsmarkmiðunum á næstu tveimur árum. Það eru heimsmarkmið númer 3 - Heilsa og vellíðan, 10 - Aukinn jöfnuður og 14 - Líf í vatni.

8. mál – starfsfólk skólans

Skólastjóri fór yfir starfsfólk skólans á þessu skólaári. Góð samskipti eru lykillinn, niðurstöður úr könnunum sína að við séum góður vinnustaður.

9. mál – foreldrafélagið

Foreldrafélagið gaf skólanum podcast græjur og í ár verður boðið upp á podcast í vali. Góð vinna sem fer fram í foreldrafélaginu sem er duglegt að styrkja skólastarfið.

10. mál – nemendaráð

Endurskoða þarf fjölda nemenda í nemendaráði.

Nemendaráð hefur verið með gott starf og stefnir að því að halda því áfram.

11. mál – skólamatur

Ánægja með gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Mikilvægt að nemendur séu skráðir í mat og stimpli sig inn.

12. mál – fyrirmyndaverkefni

Sandgerðisskóli fékk viðurkenningar fyrir tvö fyrirmyndarverkefni á afmæli Suðurnesjabæjar það voru verkenfin Betri bær og Skynörvunarherbergi.

13. mál – önnur mál